



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

13. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 8. nóvember 2024

kl. 12.30 - 14.30 haldinn í Borgartúni 27 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Forföll: Guðný Björk Eydal, Hermína Gunnþórsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundur með Ríkissáttasemjara. Staðan og næstu skref.
2. Könnun meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð. Framhald. (Fskj. 1)
3. Umræðufundur með stjórnsmálaleiðtogum. (Fskj. 2)
4. Tillögur um breytingar á matskerfi opinberra háskóla. Bréf dags. 31. október 2024 (Fskj. 3a-b)
5. Einstaklingsmál hjá Samráðsnefnd um kjaramál við HÍ.
6. Jólaboð emeríta.
7. Næsti fundur.
8. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.30.

### 1. Fundir með ríkissáttasemjara. Staðan og næstu skref.

Sigrún sagði frá fundi samninganefndar félagsins með Ríkissáttasemjara fyrir um daginn. Um var að ræða fjórða fundinn en fyrsti fundurinn var 9. október. Samninganefndin ítrekaði kröfur félagsins. Ljóst er að ekki er hægt að ná fram samningum sem hægt er að setta sig við þar sem of mikið ber á milli. Ákveðið var að boða ekki til fleiri funda nema annar hvor samningsaðilinn óski eftir því.

Í ljósi stöðunnar var rætt um mögulegar aðgerðir og útfærslur á þeim. Samþykkt var að gera könnun meðal félagsfólks um vilja til að útfæra aðgerðir í kjaradeilu félagsins.

Lagt var til að óska eftir lögfræðiláti á fyrirkomulagi greiðslna fyrir kennsluþáttum og á grunnlaunasetningu með tilliti til menntunar prófessora. Lögfræðilálitid á að skera úr um hvort réttarágreiningur sé um þessi mál. Samninganefndin finni aðila til verksins. Samþykkt.

### 2. Könnun meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð. Framhald. (Fskj. 1)

Stjórn fékk tillögu að könnun með breytingum senda fyrir fundinn og var hún samþykkt. Könnunin verður send félagsfólki í byrjun vikunnar.

Eyja fór kl. 13.45.

### 3. Umræðufundur með stjórnsmálaleiðtogum. (Fskj. 2)

BHM er að skipuleggja fundi með þeim framboðum sem bjóða sig fram á landsvísu í komandi Alþingiskosningum. Bandalagið sendi þeim spurningar sem snúa að málum sem

eru efst á baugi hjá aðildarfélögum bandalagsins og þarf að taka afstöðu til á kjörtímabilinu.

Rætt var um opinn fund FPR með fulltrúum framboða í aðdraganda kosninga í samstarfi við Félag háskólakennara sbr. umræðu á síðasta fundi. Fulltrúar fá spurningar til að svara fyrir fundinn um fjármögnun háskólanna, launasetningu, akademískt frelsi og rannsóknir sem dæmi.

#### **4. Tillögur um breytingar á matskerfi opinbera háskóla. Bréf dags. 31. október 2024.**

(Fskj. 3a-b)

Bréf barst frá stjórn matskerfis opinberra háskóla dags. 31. október sl. Um er að ræða breytingartillögur á matskerfinu en umsagnir þurfa að berast eigi síðar en 1. desember nk. Ákveðið var að fulltrúar í stjórn færu yfir tillögurnar og komi með athugasemdir fyrir næsta stjórnarfund. Á þeim fundi verður farið yfir athugasemdirnar áður en umsögn verður send um málið.

#### **5. Einstaklingsmál hjá Samráðsnefnd um kjaramál við HÍ.**

Framkvæmdastjóri sagði frá tveimur einstaklingsmálum sem komin eru til Samráðsnefndar um kjaramál við HÍ. (Mál 2-2024-25 og 3-2025).

#### **6. Jólaboð emeríta.**

Hið árlega jólaboð emeríta verður þriðjudaginn 3. desember kl. 18 í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Búið er að senda emerítum boð á það. Nokkrar hugmyndir komu fram um gest kvöldsins. Framkvæmdastjóri mun fylgja þeim eftir.

#### **7. Næsti fundur.**

Ákveðið var að hafa stjórnarfundinn annan hvern föstudag og oftast ef þarf. Samninganefnd félagsins fundar þess á milli. Framkvæmdastjóri sendir fundarboð fyrir næsta stjórnarfund.

#### **8. Önnur mál.**

##### **a) Skýrsla um akademískt frelsi komin út. (Fskj. 4)**

Skýrsla norrænu háskólafélagana um stöðu akademísks frelsis innan Norðurlandanna er komin út og var afhent á fundinum. Skýrslan er á ensku og ber heitið „Academic Freedom in the Nordics: Legislation, Practice, Challenges“. Fulltrúar á fundi Norðurlandsráðs á Íslandi, fengu eintak af skýrslunni við innritun á fundinn þann 28. október sl. Þann sama dag var grein um efnið birt á öllum norrænu tungumálunum en formenn FPR, FH og FHA skrifuðu undir íslensku útgáfuna sem birt var á Visir.is undir yfirskriftinni „Akademískt frelsi er í hættu - Tími til aðgerða“.

##### **b) Drög að aðgerðaáætlun um gervigreind 2024-2026. (Fskj. 5)**

Bréf barst frá BHM þann 7. nóvember sl. varðandi drög að aðgerðaáætlun um gervigreind 2024-2026 sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt í samráðsgátt. Umsagnarfrestur er til 21. nóvember nk. Kanna þarf málið nánar með mögulega umsögn í huga.

##### **c) Fundur FPR með félagsfólki og rektor HA.**

Fundi formanns með félagsfólki og rektor HA sem var áætlaður 30. október sl. var frestað vegna breytinga á flugi. Fundurinn verður þess í stað þriðjudaginn 12. nóvember.

##### **d) Jólahittingur stjórnar.**

Ákveðið var að vera með jólahittingu stjórnar í janúar vegna mikilla anna í desember. Finna þarf hentugan tíma þar sem allir geta mætt.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.

Fundarritari: LÞ.